

Nd.

584. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 7. gr. Fyrir »9« komi: 7.
2. Við 8. gr. Á eftir henni komi ný gr., sem verður 9. gr., þannig:
Um leið og sjerleyfi er út gefið skal leyfishafi afhenda ríkisstjórninni 50000 kr. til tryggingar því, að efndir verði á virkjun og sjerleyfisskilyrðum. Fellur fjæð til ríkissjóðs með öllum vöxtum, ef virkjun er eigi lokið á um-sömdum tíma eða aðrar vanefndir verða á sjerleyfisskilyrðum, en ella endur-greiðist það með vaxtaviðauka, er skilyrðum 7. gr. er fullnægt.